

Textílmennt 4. bekkur

Kennari: Þóra Katrín Þórsdóttir

Tímafjöldi á viku: 3 klst í um 8 vikur

Námsmat: Námsmat er í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og matsatriði inn á Mentor.

Auk þeirra hæfniviðmiða verður einnig litið til almennrar framkomu og vinnulags í tímum.

Grunnbættir menntunar: Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnbættir menntunar sex: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun*. Unnið er með alla þessa þætti en þó mismikið eftir tengingu þeirra við greinina. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru beintengdir textílmennt og greinin veitir nemendur tækifæri til að vinna með þá þætti á áþreifanlegan hátt til að efla skilning nemenda.

Kennslufyrirkomulag: Nemendur koma í 10-12 manna hópum og fá um það bil 1 klst í senn þrisvar í viku yfir nokkurra vikna tímabil. Hópnum verður skipt í tvennt þar sem annar helmingur nemenda fær innlögn og leiðsögn með skylduverkefni tímans. Hinn hópurinn fer í frjálst þar sem hægt verður að velja um að perla, leira, lita eða annað sem hentar þann daginn. Eftir hálfa kennslustund verður skipt og þeir sem hafa verið að vinna í verkefninu fara í frjálst og svo öfugt. Ef nemendur vilja og geta unnið nokkur sjálfstætt er frjálst að halda áfram með skylduverkefni og sleppa frjálstu.

Kennsluáætlun: Áhersla er lögð á sköpun og sjálfstæð vinnubrögð nemenda með hliðsjón af persónulegri útfærslu. Nemendur kynnast saumavélinni og þjálfast í að sauma. Nemendur þjálfast einnig í útsaumi og hönnun (í samstarfi við smíðar). Nemendur kynnast einnig grunnhandtökunum í prjóni.

Verkefni	Hæfni sem nemendur þjálfast í	Hæfniviðmið skv. Aðalnámskrá grunnskóla	Námsmat skv. viðmiðum Mentor
Verkefnamappa í upphafi		<i>Að nemendur geti:</i>	Hvert verkefni er metið.
Bakpoki	Nemendur teikna mynstur í Inkscape (samvinna með smíðum). Sauma út stafina sína og sauma á efni fyrir bakpoka. Sauma saman bakpokann og snúra þrædd í.	-notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum -unnið úr nokkrum gerðum textílefna -unnið eftir einföldum leiðbeiningum -tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu -skreytt textílvinnu á einfaldan hátt -gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur	<i>Að nemandi:</i> -gangi frá eftir vinnu sína -vinni eftir einföldum fyrirmælum -notar einfaldar aðferðir greinarinnar og beitir viðeigandi áhöldum -getur lagt mat á eigin verk -getur unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar

Sokkabróða	Nemendur finna sokk heima sem ekki er lengur í notkun. Þeir búa til sokkabróðu og útfæra hana eftir eigin hugmyndum. Nemendur þjálfast í skapandi hugsun og ólíkum vinnubrögðum.	hugtök sem tengjast greininni -leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum -sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt -sagt frá nokkrum tegundum textílefna -fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna -notað ný og endurunnin efni í textílvinnu	-vinnur úr nokkrum gerðum textílefna -þræðir nál og beitir henni á réttan hátt -skreytir textílvinnu á einfaldan hátt -vinnur með tvöfalt efni -getur sagt frá nokkrum tegundum textílefna -notar ný og endurunnin efni í textílvinnu -tjái hugmyndir sínar með einfaldri skissu -klippir efni og saumar saman með beinum saum og sikk sakk -notar saumavél og þjálfast í að sauma einfaldar línur í henni Í tímum er símat þar sem horft er til sjálfstæðara vinnubragða, frumkvæði, þrautseigju, ábyrgðar og samskipta.
Prjón	Nemendur læra að fitja upp og prjóna garðapryón. Markmiðið er að prjóna lítið stykki en lokaútkoman er frjáls.		

Kennsluaðferðir

Hlutverk kennarans er að leggja inn verkefnin, sýna aðferðir og vinnubrögð sem nýtast við vinnu verkefnanna og aðstoðar nemendur eins og nauðsynlegt er. Mikil áhersla er lögð á að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, vera sjálfbjarga innan textílmenntarstofunar og að þeir prófi sig áfram með aðferðir sem og sköpun.

Helstu aðferðir:

- Innlögn og sýnikennsla
- Verklegr kennsla
- Umræður og tjáning

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.